

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2002/20/EB

2006/EES/30/18

frá 7. mars 2002

um heimild fyrir rafrænum fjarskiptanetum og -þjónustu (heimildartilskipun) (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS Hafa,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Niðurstöður samráðs við almenning um endurskoðun á reglurammanum um rafræn fjarskipti, sem fram fór 1999, eins og það er sett fram í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 26. apríl 2000, og niðurstöðurnar, sem framkvæmdastjórnin greindi frá í fimmtu og sjöttu skýrslu sinni um framkvæmd lagabálks EB um fjarskipti, hafa staðfest þörfina fyrir samhæfðari og ekki eins íþyngjandi reglur um markaðsaðgang fyrir rafræn fjarskiptanet og -þjónustu í gervöllu bandalaginu.
 - 2) Vegna samleitni mismunandi, rafrænna fjarskiptaneta og -þjónustu og tækni sem þau grundvallast á er nauðsynlegt að koma á heimildakerfi sem tekur til allrar sambærilegrar þjónustu á svipaðan hátt án tillits til þeirrar tækni sem notuð er.
 - 3) Markmiðið með þessari tilskipun er að skapa lagaramma til að tryggja frjálst framboð rafrænna fjarskiptaneta og -þjónustu, sem einungis er háð skilyrðunum, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, og hvers kyns takmörkunum í samræmi við 1. mgr. 46. gr. sáttmálans, einkum ráðstafanir er varða allsherjarreglu, almannaöryggi og almannaheilbrigði.
 - 4) Þessi tilskipun tekur til heimildar fyrir öllum rafrænum fjarskiptanetum og -þjónustu hvort sem þau standa almenningi til boða eða ekki. Þetta er mikilvægt til að tryggja að báðir flokkar veitenda fái
- 5) Þessi tilskipun gildir einungis um veitingu réttar til afnota af tíðnum fyrir þráðlausar sendingar ef slík afnot fela í sér að bjóða fram rafrænt fjarskiptanet eða -þjónustu, að öllu jöfnu gegn þóknun. Eigin notkun þráðlauss notendabúnaðar, sem grundvallast á almennri notkun notanda á sérstökum tíðnum fyrir þráðlausar sendingar sem ekki tengist atvinnustarfsemi, svo sem notkun radióáhugamanna á tíðnisviði fyrir almenningstalstöðvar, telst ekki vera framboð rafrænna fjarskiptaneta eða -þjónustu og fellur því ekki undir þessa tilskipun. Slík notkun fellur undir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/5/EB frá 9. mars 1999 um fjarskiptabúnað og endabúnað til fjarskipta og gagnkvæma viðurkenningu á samræmi þeirra ⁽⁴⁾.
 - 6) Mælt er fyrir um ákvæði varðandi frjálstan flutning á skilyrtum aðgangskerfum og frjálst framboð verndaðrar þjónustu, sem byggist á slíkum kerfum, í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/84/EB frá 20. nóvember 1998 um lögvernd þjónustu sem byggist á eða hefur í sér fölginn skilyrtan aðgang ⁽⁵⁾. Þessi tilskipun þarf því ekki að ná til veitingu heimildar fyrir slíkum kerfum og þjónustu.
 - 7) Nota ber kerfi sem er eins lítt íþyngjandi og kostur er til að veita heimildir til að bjóða fram rafræn fjarskiptanet og -þjónustu með það fyrir augum að örva þróun nýrrar, rafrænnar fjarskiptaþjónustu og samevrópskra fjarskiptaneta og -þjónustu og að gera þjónustuveitendum og neytendum kleift að nýta sér stærðarhagkvæmni innri markaðarins.
 - 8) Þessum markmiðum verður best náð fram með almennri heimild fyrir öllum rafrænum fjarskiptanetum og -þjónustu án þess að krefjast gagnsgerðar eða stjórnsýsluathafnar af hálfu innlenda stjórnvaldsins og með því að takmarka hvers kyns kröfur um málsmeðferð við tilkynningu. Ef aðildarríkin krefjast tilkynningar frá þeim sem bjóða fram rafræn fjarskiptanet eða -þjónustu þegar starfsemi þeirra hefst geta þau einnig krafist þess að þeir sanni að slík tilkynning hafi verið send með

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. EB L 108, 24.4.2002, bls. 21. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 11/2004 frá 6. febrúar 2004 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun), X. viðauka (Hljóð- og myndmiðlun) og XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 20, 22.4.2004, bls. 14.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 365 E, 19.12.2000, bls. 230 og Stjtið. EB C 270 E, 25.9.2001, bls. 182.

⁽²⁾ Stjtið. EB C 123, 25.4.2001, bls. 55.

⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 1. mars 2001 (Stjtið. EB C 277, 1.10.2001, bls. 116), sameiginleg afstaða ráðsins frá 17. september 2001 (Stjtið. EB C 337, 30.11.2001, bls. 18) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 12. desember 2001 (hefur ekki verið birt í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*). Ákvörðun ráðsins frá 14. febrúar 2002.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 91, 7.4.1999, bls. 10.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 320, 28.11.1998, bls. 54.

löglega viðurkenndri kvittun fyrir móttöku tilkynningarinnar í pósti eða á rafrænu formi. Slík kvittun skal ekki í neinum tilvikum vera stjórnsýsluathöfn eða krafa um stjórnsýsluathöfn af hálfu innlenda stjórnvaldsins sem tilkynningin á að berast.

- 9) Nauðsynlegt er að í almennum heimildum komi skýrt fram réttindi og skyldur fyrirtækja í því skyni að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði í gervöllu bandalaginu og til að auðvelda samningaviðræður yfir landamæri um samtengingu milli almennra fjarskiptaneta.
- 10) Almenna heimildin veitir fyrirtækjum, sem bjóða almenningi rafræn fjarskiptanet og -þjónustu, rétt til að semja um samtengingu samkvæmt skilyrðunum í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/19/EB frá 7. mars 2002 um aðgang að rafrænum fjarskiptanetum og samtengingu þeirra og tilheyrandi aðstöðu (tilskipunar um aðgang) ⁽¹⁾. Fyrirtæki sem bjóða öðrum en almenningi rafræn fjarskiptanet og -þjónustu geta samið um samtengingu á viðskiptagrundvelli.
- 11) Nauðsynlegt kann að vera að halda áfram að veita sérstakan rétt til afnota af tíðnum fyrir þráðlausar sendingar og númerum, þ.m.t. stutt-númerum úr innlenda númeraskipulaginu. Einnig er heimilt að úthluta númeraréttindum samkvæmt evrópsku númeraskipulagi, þ.m.t. er t.d. sýndarlandskóðinn „3883“ sem aðildarlönd að Samtökum póst- og símastjórna í Evrópu hafa fengið. Þessi réttur til afnota skal ekki takmarkaður nema það sé óhjákvæmilegt í ljósi takmarkaðs framboðs á tíðnum fyrir þráðlausar sendingar og nauðsynjar þess að tryggja skilvirka notkun þeirra.
- 12) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á það hvort tíðnum fyrir þráðlausar sendingar sé úthlutað beint til þeirra sem bjóða fram rafræn fjarskiptanet eða -þjónustu eða til aðila sem nota þessi net eða þjónustu. Slíkir aðilar kunna að vera þeir sem bjóða fram efni fyrir hljóðvarp eða sjónvarp. Með fyrirvara um sérstakar viðmiðanir og málsmeðferð sem aðildarríkin samþykkja til að veita þjónustuveitendum efnis fyrir hljóðvarp eða sjónvarp rétt til afnota af tíðnum fyrir þráðlausar sendingar til að ná fram markmiðum um almannahagsmuni í samræmi við lög bandalagsins, skal málsmeðferðin við úthlutun tíðna fyrir þráðlausar sendingar í öllum tilvikum vera hlutlæg, gagnsæ, án mismununar og hlutfallsbundin. Í samræmi við dómaframkvæmd dómstóls Evrópubandalaganna skulu hvers kyns innlendar takmarkanir á þeim

réttindum, sem tryggð eru með 49. gr. sáttmálans, rökstuddar á hlutlægan hátt, vera hlutfallsbundnar og ekki ganga lengra en nauðsynlegt er til að ná fram markmiðum um almenna hagsmuni sem aðildarríkin skilgreina í samræmi við lög bandalagsins. Ábyrgðin á því að skilyrðin, sem réttur til afnota af tíðni fyrir þráðlausar sendingar er bundinn, og viðkomandi skilyrði, sem almenna heimildin er bundin, séu uppfyllt skal í öllum tilvikum vera hjá fyrirtækinu sem fengið hefur rétt til afnota af tíðni fyrir þráðlausar sendingar.

- 13) Aðildarríkjum er heimilt, sem hluta af málsmeðferðinni við umsókn þegar veittur er réttur til afnota af tíðni fyrir þráðlausar sendingar, að sannprófa hvort umsækjandi geti uppfyllt skilyrðin sem slíkum rétti eru bundin. Í þessu skyni er hægt að krefjast þess af umsækjanda að hann leggi fram nauðsynlegar upplýsingar til að sanna getu sína til að uppfylla þessi skilyrði. Ef slíkar upplýsingar eru ekki veittar er hægt að hafna umsókninni um rétt til afnota af tíðni fyrir þráðlausar sendingar.
- 14) Aðildarríkjunum er hvorki skylt né er komið í veg fyrir að þau veiti rétt til að nota númer úr innlenda númeraskipulaginu eða rétt til að koma upp aðstöðu öðrum fyrirtækjum en þeim sem bjóða fram rafræn fjarskiptanet eða -þjónustu.
- 15) Skilyrðin, sem almenna heimildin og sérstaki afnotarétturinn mega vera bundin, skulu vera takmörkuð við það sem er alveg nauðsynlegt til að tryggja að kröfur og skyldur séu uppfylltar samkvæmt lögum bandalagsins og innlendum lögum í samræmi við lög bandalagsins.
- 16) Að því er varðar rafræn fjarskiptanet og -þjónustu, sem ekki er boðin almenningi, er rétt að setja færri og vægari skilyrði en teljast réttmæt þegar um er að ræða rafræn fjarskiptanet og -þjónustu sem boðin er almenningi.
- 17) Sérstakar skyldur, sem heimilt er að leggja á þá sem bjóða fram rafræn fjarskiptanet og -þjónustu í samræmi við lög bandalagsins með skírskotun til verulegs markaðsstyrks þeirra, eins og skilgreint er í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB frá 7. mars 2002 um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (rammatilskipun) ⁽²⁾, skulu lagðar á, aðskilið frá almennum réttindum og skyldum samkvæmt almennu heimildinni.
- 18) Almenna heimildin skal einungis fela í sér skilyrðin sem eiga sérstaklega við um rafræna fjarskipta-geirann. Hún skal ekki vera háð skilyrðum sem þegar

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 108, 24.4.2002, bls. 7.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 108, 24.4.2002, bls. 33.

- eru í gildi í krafti annarra innlendra laga sem eru í gildi en eiga ekki sérstaklega við um rafræna fjarskiptageirann. Engu að síður er innlendu stjórnvaldi heimilt að gera rekstraraðilum neta og þjónustuveitendum grein fyrir annarri löggjöf er varðar starfsemi þeirra t.d. með tilvísun á vefsetri sínu.
- 19) Uppfylla má kröfuna um að birta ákvarðanir um veitingu réttar til afnota af tíðnum og númerum með því að gera þær aðgengilegar almenningsi á vefsetri.
- 20) Sama fyrirtæki, t.d. rekstraraðili kapalnets, getur boðið bæði rafræna fjarskiptaþjónustu, t.d. flutning sjónvarpsmerkja, og þjónustu sem ekki fellur undir þessar tilskipun, t.d. að gera tilboð á hljóðvarps- eða sjónvarpsefnisþjónustu að söluvöru og þar af leiðandi er hægt að leggja viðbótarskyldur á það fyrirtæki með tilliti til starfsemi þess við að veita eða dreifa efni samkvæmt öðrum ákvæðum en þeim sem koma fram í þessari tilskipun, sbr. þó skrána yfir skilyrðin sem sett er fram í viðaukanum við þessa tilskipun.
- 21) Þegar veittur er réttur til að nota tíðnir fyrir þráðlausar sendingar og númer eða réttur til að koma upp aðstöðu geta viðeigandi yfirvöld gert fyrirtækjum, sem þau veita slíkan rétt, grein fyrir viðkomandi skilyrðum í almennu heimildinni.
- 22) Ef eftirspurnin eftir tíðnum fyrir þráðlausar sendingar á ákveðnu bili er meiri en fyrirleggjandi eru skal fylgja viðeigandi og gagnsærri málsmeðferð við úthlutun slíkra tíðna í því skyni að koma í veg fyrir mismunun og til að nýta þessa takmörkuðu auðlind sem best.
- 23) Þegar innlent stjórnvald setur viðmiðanir fyrir valaðferðir, sem byggjast á samkeppni eða samanburði, skal það tryggja að markmið 8. gr. tilskipunar 2002/21/EB (rammatilskipunar) séu uppfyllt. Það væri því ekki í andstöðu við þessa tilskipun ef beiting valviðmiðana, sem eru hlutlægar, án mismununar, hlutfallsbundnar og gagnsæjar, í þeim tilgangi að stuðla að þróun samkeppni, hefði þau áhrif að útiloka ákveðin fyrirtæki frá valaðferð sem byggist á samkeppni eða samanburði að því er varðar ákveðna tíðni fyrir þráðlausar sendingar.
- 24) Ef samið hefur verið um samhæfða úthlutun tíðna fyrir þráðlausar sendingar til ákveðinna fyrirtækja á evrópskum vettvangi skulu aðildarríkin fara í hvívetna eftir slíkum samningum þegar þau veita rétt til afnota af tíðnum fyrir þráðlausar sendingar úr innlenda skipulaginu fyrir tíðninotkun.
- 25) Þeir sem bjóða fram rafræn fjarskiptanet og -þjónustu kunna að þarfnast staðfestingar á réttindum sínum samkvæmt almennu heimildinni með tilliti til samtingingar og athafnaréttar, einkum til að greiða fyrir samningaviðræðum við önnur yfirvöld svæðis- eða staðbundin eða við þjónustuveitendur í öðrum aðildarríkjum. Í þessu skyni ber innlendu stjórnvaldi að láta fyrirtækjum í té formlega yfirlýsingu annaðhvort að beiðni þeirra eða að öðrum kosti sem sjálfvirk viðbrögð við tilkynningu samkvæmt almennu heimildinni. Slíkar yfirlýsingar skulu ekki fela í sér réttindi sem slíkar né heldur skulu hvers kyns réttindi samkvæmt almennu heimildinni eða afnotaréttur eða nýting slíkra réttinda vera háð yfirlýsingu.
- 26) Ef fyrirtæki komast að þeirri niðurstöðu að ekki hefuri verið fjallað um umsóknir þeirra um rétt til að setja upp aðstöðu í samræmi við meginreglurnar sem settar eru í tilskipun 2002/21/EB (rammatilskipun) eða ef slíkar ákvarðanir tefjast úr hófi fram skulu þau hafa rétt til áfrýjunar vegna ákvarðana eða tafa á slíkum ákvörðunum í samræmi við þá tilskipun.
- 27) Viðurlögin við því að skilyrðum sé ekki fullnægt samkvæmt almennu heimildinni skulu vera í réttu hlutfalli við brotið. Ef fyrirtæki uppfyllir ekki eitt eða fleiri skilyrði samkvæmt almennu heimildinni væri það ekki í réttu hlutfalli við brotið, nema í undantekningartilvikum, að svipta það tímabundið réttindum eða afturkalla rétt þess til að veita rafræna fjarskiptaþjónustu eða rétt til afnota af tíðnum fyrir þráðlausar sendingar eða númerum. Þetta er með fyrirvara um bráðaráðstafanir sem viðeigandi yfirvöldum aðildarríkjanna er heimilt að grípa til ef almannaoðryggi eða almannahæilbrigði eða efnahagslegum og rekstrarlegum hagsmunum annarra fyrirtækja er ógnað með alvarlegum hætti. Þessi tilskipun skal einnig vera með fyrirvara um hvers kyns skaðabótakröfur milli fyrirtækja samkvæmt landslögum.
- 28) Að leggja skyldur um skýrslugjöf og upplýsinga- skyldu á þjónustuveitendur getur verið þungt í vöfum bæði fyrir fyrirtækið og innlenda stjórnvaldið. Slíkar skyldur skulu því vera hlutfallsbundnar, rökstuddar á hlutlægan hátt og takmarkaðar við það sem er alveg nauðsynlegt. Ekki er nauðsynlegt að krefjast kerfisbundinnar og reglulegrar sönnunar á því að öll skilyrði, samkvæmt almennu heimildinni eða sem eru bundin afnotarétti, séu uppfyllt. Fyrirtæki skulu eiga rétt á að vita í hvaða tilgangi upplýsingarnar, sem þeim ber að veita, verði notaðar. Að veita upplýsingar skal ekki vera skilyrði fyrir markaðsaðgangi. Vegna hagskýrslugerðar er heimilt að krefjast þess að þeir sem bjóða fram rafræn fjarskiptanet eða -þjónustu tilkynni um það þegar þeir hætta starfsemi.

- 29) Þessi tilskipun skal ekki hafa áhrif á skyldur aðildarríkjanna til að veita hvers kyns upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að verja hagsmunum bandalagsins í tengslum við alþjóðasamninga. Þessi tilskipun skal ekki heldur hafa áhrif á hvers kyns skyldur um skýrslugjöf samkvæmt löggjöf sem er ekki sérstaklega miðuð við rafræna fjarskiptageirann, svo sem samkeppnislöggjöf.
- 30) Heimilt er að leggja umsýslugjöld á veitendur rafrænnar fjarskiptaþjónustu í því skyni að fjármagna starfsemi innlenda stjórnvaldsins við stjórnun heimildakerfisins og veitingu afnotaréttar. Þessi gjöld skulu takmarkast við raunverulegan umsýslukostnað vegna þessarar starfsemi. Í þessu skyni skulu tekjur og útgjöld innlends stjórnvalds vera gagnsæ og skal það gert með árlegri skýrslugjöf um heildargjöld, sem innheimt eru, og umsýslukostnað. Þetta gerir fyrirtækjum kleift að sannprófa að umsýslukostnaður og gjöld séu í jafnvægi.
- 31) Kerfi yfir umsýslugjöld skulu ekki raska samkeppni eða skapa hindranir í vegi aðgangs að markaðnum. Með kerfi almennra heimilda mun ekki lengur vera mögulegt að tengja umsýslukostnað, og þar með gjöld, við einstök fyrirtæki nema að því er varðar veitingu réttar til afnota af númerum, tíðnum fyrir þráðlausar sendingar og rétt til að koma upp aðstöðu. Hvers kyns víðeigandi umsýslugjöld skulu vera í samræmi við meginreglur um kerfi almennra heimilda. Dæmi um annan valkost við þessar viðmiðanir við tengingu gjalda, sem er sanngjarn, einfaldur og gagnsær, gæti verið veltutengdur dreifingarlykill. Ef umsýslugjöld eru mjög lág gætu fastagjöld eða gjöld, sem sameina fastagjöld og veltutengda þætti, einnig verið við hæfi.
- 32) Til viðbótar við umsýslugjöldin er heimilt að leggja á notkunargjöld fyrir notkun á tíðnum fyrir þráðlausar sendingar og númerum til að tryggja sem besta notkun slíkra auðlinda. Slík gjöld skulu ekki hindra þróun nýbreytni í þjónustu og samkeppni á markaðnum. Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á tilgang gjaldtöku vegna afnotaréttar. Slík gjöld er t.d. heimilt að nota til að fjármagna starfsemi innlends stjórnvalds sem umsýslugjöld ná ekki til. Ef gjöldin fyrir rétt til afnota af tíðnum fyrir þráðlausar sendingar, að því er varðar valaðferðir sem byggja á samkeppni eða samanburði, samanstanda eingöngu eða að hluta til af fjárhæð sem leggst á í eitt skipti, skal greiðslutilhögunin tryggja að slík gjöld leiði ekki í raun til vals sem byggist á viðmiðunum sem eru óskyldar því markmiði að tryggja sem besta notkun tíðna fyrir þráðlausar sendingar. Framkvæmdastjórninni er heimilt að birta reglulega viðmiðunarkannanir með tilliti til bestu starfsaðferða við úthlutun á tíðnum fyrir þráðlausar sendingar, úthlutun númera eða veitingu athafnaréttar.
- 33) Aðildarríkin geta þurft að breyta réttindum, skilyrðum, málsmeðferð, kostnaði og gjöldum að því er varðar almennar heimildir og afnotarétt ef slíkt er rökstutt á hlutlægan hátt. Slíkar breytingar skulu tilkynntar öllum hagsmunaaðilum, tímanlega og á víðeigandi hátt þannig að þeir fái næg tækifæri til að láta í ljós skoðanir sínar á slíkum breytingum.
- 34) Markmiðið um gagnsæi hefur í för með sér kröfu um að þjónustuveitendur, neytendur og aðrir hagsmunaaðilar eigi greiðan aðgang að öllum upplýsingum er varða réttindi, skilyrði, málsmeðferð, kostnað, gjöld og ákvarðanir um veitingu rafrænnar fjarskiptaþjónustu, rétt til afnota af tíðnum fyrir þráðlausar sendingar og númerum, rétt til að setja upp aðstöðu, innlent skipulag fyrir tíðnnotkun og innlent númeraskipulag. Mikilvægt verkefni innlends stjórnvalds er að veita slíkar upplýsingar og halda þeim uppfærðum. Ef önnur yfirvöld sjá um að stjórna slíkum réttindum skal innlent stjórnvald leitast við að koma á notendavænu fyrirkomulagi fyrir aðgang að upplýsingum um slík réttindi.
- 35) Framkvæmdastjórninni ber að hafa eftirlit með eðlilegri starfsemi innri markaðarins á grundvelli innlends fyrirkomulags við veitingu heimilda samkvæmt þessari tilskipun.
- 36) Í því skyni að beiting allra þátta nýja reglurammans fyrir rafræna fjarskiptageirann hefjist sama dag er mikilvægt að ferlið við innlenda lögleiðingu þessarar tilskipunar og samræmingu gildandi leyfa við nýju reglurnar eigi sér stað samhliða. Í sérstökum tilvikum, þegar almenna heimildin og einstakur afnotaréttur í samræmi við þessa tilskipun koma í stað heimilda sem eru í gildi á þeim degi þegar þessi tilskipun tekur gildi og það leiðir til þess að skyldur þjónustuveitenda, sem starfa samkvæmt gildandi heimild, aukast eða til þess að réttindi þeirra skerðist, er aðildarríkjunum þó heimilt að fá níu mánuði til viðbótar frá þeim degi, sem beiting þessarar tilskipunar hefist, til samræmingar á slíkum leyfum nema það hafi neikvæð áhrif á réttindi og skyldur annarra fyrirtækja.
- 37) Við sérstakar aðstæður getur afnám skilyrða fyrir heimild, að því er varðar aðgang að rafrænum fjarskiptanetum, valdið einu eða fleiri fyrirtækjum, sem hafa notið góðs af þessu skilyrði, alvarlegum erfiðleikum. Í slíkum tilvikum er framkvæmdastjórninni heimilt að leyfa áframhaldandi bráðabirgða-fyrirkomulag að beiðni aðildarríkis.

38) Þar sem aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum fyrirhugaðra aðgerða, þ.e. samhæfingu og einföldun á reglum og skilyrðum fyrir rafræn fjarskipti að því er varðar heimildir fyrir netum og -þjónustu og þar sem, vegna þess hve aðgerðirnar eru umfangsmiklar og hafa mikil áhrif, þeim verður betur náð á vettvangi bandalagsins, er bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og fram kemur í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, ganga ákvæði þessarar tilskipunar ekki lengra en nauðsynlegt er til að ná þessum markmiðum.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Markmið og gildissvið

1. Markmið þessarar tilskipunar er að hrinda í framkvæmd innri markaði fyrir rafræn fjarskiptanet- og þjónustu með samhæfingu og einföldun á reglum og skilyrðum fyrir veitingu heimildar í því skyni að auðvelda framboð þeirra í gervöllu bandalaginu.

2. Þessi tilskipun skal gilda um heimildir til að bjóða fram rafræn fjarskiptanet og -þjónustu.

2. gr.

Skilgreiningar

1. Í þessari tilskipun gilda skilgreiningarnar, sem settar eru fram í 2. gr. tilskipunar 2002/21/EB (rammatilskipunar).

2. Eftirfarandi skilgreiningar gilda einnig:

- a) „almenn heimild“: lagarammi sem aðildarríki kemur á fót til að tryggja rétt til að bjóða fram rafræn fjarskiptanet eða -þjónustu og til að mæla fyrir um skyldur sem eru sértækar fyrir ákveðið svið sem geta gilt um allar eða tiltekna gerðir rafrænna fjarskiptaneta og -þjónustu í samræmi við þessa tilskipun,
- b) „skaðleg truflun“: truflun sem hætta er á að trufla virkni þráðlausra leiðsögutækja eða annarrar öryggisþjónustu eða sem á annan hátt dregur úr, hindrar eða truflar ítrekað þráðlausra fjarskiptaþjónustu sem er starfrækt í samræmi við gildandi reglur innanlands eða í bandalaginu.

3. gr.

Almenn heimild fyrir rafrænum fjarskiptanetum og -þjónustu

1. Aðildarríkin skulu tryggja frelsi til að bjóða fram rafræn fjarskiptanet og -þjónustu með fyrirvara um skilyrðin sem sett eru í þessari tilskipun. Með það fyrir augum skulu

aðildarríkin ekki koma í veg fyrir að fyrirtæki bjóði fram rafræn fjarskiptanet eða -þjónustu nema þegar slíkt er nauðsynlegt af þeim ástæðum sem tilgreindar eru í 1. mgr. 46. gr. sáttmálans.

2. Framboð rafrænna fjarskiptaneta eða rafrænnar fjarskiptaþjónustu má, með fyrirvara um sérstakar skyldur, sem um getur í 2. mgr. 6. gr., eða afnotarétt, sem um getur í 5. gr., einungis binda skilyrðum um almenna heimild. Krefja má viðkomandi fyrirtæki um að senda tilkynningu en ekki má krefja það um að bíða gagn Gerrar ákvörðunar eða annarrar stjórnsýsluathafnar af hálfu innlenda stjórnvaldsins áður en það nýtir rétt sem heimildin veitir. Eftir að tilkynning, ef hennar er krafist, hefur verið send er fyrirtæki heimilt að hefja starfsemi, ef nauðsyn krefur, með fyrirvara um ákvæði 5., 6., og 7. gr. um afnotarétt.

3. Tilkynningin, sem um getur í 2. mgr., skal ekki fela í sér annað en yfirlýsingu frá lögaðila eða einstaklingi til innlenda stjórnvaldsins um þá fyrirætlun að byrja að bjóða fram rafræn fjarskiptanet eða -þjónustu og að leggja fram lágmarksupplýsingar sem krafist er til að gera innlenda stjórnvaldinu kleift að halda skrá eða lista yfir þá sem bjóða fram rafræn fjarskiptanet eða -þjónustu. Þessar upplýsingar verða að vera takmarkaðar við það sem er nauðsynlegt til að auðkenna þjónustuveitandann, svo sem skráningarnúmer fyrirtækis, tengiliði þjónustuveitandans, heimilisfang hans, stutta lýsingu á netinu eða þjónustunni og dagsetninguna þegar áætlað er að starfsemin hefjist.

4. gr.

Lágmarksskrá yfir rétt sem almenna heimildin veitir

1. Fyrirtæki, sem fengið hafa heimild skv. 3. gr., skulu hafa rétt til að:

- a) bjóða fram rafræn fjarskiptanet og -þjónustu;
- b) fá umfjöllun um umsóknir sínar um nauðsynleg réttindi til að koma upp aðstöðu í samræmi við 11. gr. tilskipunar 2002/21/EB (rammatilskipunar).

2. Ef slík fyrirtæki bjóða almenningi rafræn fjarskiptanet eða -þjónustu veitir almenna heimildin þeim einnig rétt til að:

- a) semja um samtengingu við og, ef við á, fá aðgang að eða samtengingu frá öðrum sem bjóða fram

fjarskiptanet og -þjónustu, sem er öllum aðgengileg, og falla undir almennu heimildina hvar sem er í bandalaginu samkvæmt skilyrðum í tilskipun 2002/19/EB (tilskipun um aðgang) og í samræmi við hana;

- b) fá tækifæri til að vera tilnefnd til að veita hina ýmsu þætti alþjónustu og/eða veita þjónustu á hinum ýmsu innlendu svæðum í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/22/EB frá 7. mars 2002 um alþjónustu og réttindi notenda að því er varðar rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (tilskipun um alþjónustu) ⁽¹⁾.

5. gr.

Réttur til afnota af tíðnum fyrir þráðlausar sendingar og númerum

1. Aðildarríkin skulu, ef mögulegt er, einkum ef hættan á skaðlegri truflun er óveruleg, ekki gera notkun tíðna fyrir þráðlausar sendingar háða veitingu afnotaréttar heldur skulu þau fella skilyrðin fyrir notkun slíkra tíðna fyrir þráðlausar sendingar undir almennu heimildina.

2. Ef nauðsynlegt er að veita einstakan rétt til afnota af tíðnum fyrir þráðlausar sendingar og númerum skulu aðildarríkin, ef þess er óskað, veita slík réttindi öllum fyrirtækjum sem bjóða fram eða nota net eða þjónustu samkvæmt almennu heimildinni með fyrirvara um 6. og 7. gr. og c-lið 1. mgr. 11. gr. þessarar tilskipunar og aðrar reglur sem tryggja skilvirka notkun þessara auðlinda í samræmi við tilskipun 2002/21/EB (rammatilskipun).

Með fyrirvara um sérstakar viðmiðanir og málsmeðferð, sem aðildarríkin samþykkja til að veita þjónustuveitendum hljóð- eða sjónvarpsefni rétt til afnota af tíðnum fyrir þráðlausar sendingar með það í huga að ná fram markmiðum um almannahagsmuni í samræmi við lög bandalagsins, skal beita opinni og gagnsærri málsmeðferð án mismununar við veitingu slíks afnotaréttar. Þegar aðildarríkin veita afnotarétt skulu þau tilgreina hvort hægt sé að framselja þennan rétt að frumkvæði rétthafans og með hvaða skilyrðum að því er varðar tíðnir fyrir þráðlausar sendingar í samræmi við 9. gr. tilskipunar 2002/21/EB (rammatilskipunar). Ef aðildarríkin veita afnotarétt í takmarkaðan tíma skal lengd hans vera viðeigandi fyrir þjónustuna sem um er að ræða.

3. Ákvarðanir um afnotarétt skulu teknar, tilkynntar og gerðar opinberar eins fljótt og mögulegt er eftir að fullfrágengin umsókn hefur borist innlenda stjórnvaldinu, innan þriggja vikna þegar um er að ræða númer sem hefur verið úthlutað í sérstökum tilgangi innan innlenda númeraskipulagsins og innan sex vikna þegar um er að ræða tíðnir fyrir þráðlausar sendingar sem hefur verið úthlutað í

sérstökum tilgangi innan innlenda tíðniskipulagsins. Síðari tímamörkin hafa ekki áhrif á hvers konar gildandi alþjóðasamninga sem snerta notkun tíðna fyrir þráðlausar sendingar eða stöðu sporbrauta.

4. Ef ákveðið hefur verið, að höfðu samráði við hagsmunaaðila í samræmi við 6. gr. tilskipunar 2002/21/EB (rammatilskipunar), að réttur til afnota af númerum, sem hafa sérstakt fjárhagslegt gildi, sé veittur með valaðferðum sem byggjast á samkeppni eða samanburði, er aðildarríkjum heimilt að framlengja þriggja vikna hámarkstímabilið um allt að þrjár vikur.

Að því er varðar valaðferðir, sem byggjast á samkeppni eða samanburði fyrir tíðnir fyrir þráðlausar sendingar, gildir 7. gr.

5. Aðildarríkin skulu ekki takmarka fjölda þeirra sem veittur er afnotaréttur nema slíkt sé nauðsynlegt til að tryggja skilvirka notkun tíðna fyrir þráðlausar sendingar í samræmi við 7. gr.

6. gr.

Skilyrði sem bundin eru almennu heimildinni og rétti til afnota af tíðnum fyrir þráðlausar sendingar og númerum og sérstakar skyldur

1. Almenna heimildin til að bjóða fram rafræn fjarskiptanet og -þjónustu, réttur til afnota af tíðnum fyrir þráðlausar sendingar og réttur til afnota af númerum mega einungis vera háð skilyrðunum sem tilgreind eru í A-, B- og C-hluta viðaukans. Slík skilyrði skulu rökstudd á hlutlægan hátt með tilliti til þess nets eða þjónustu sem um er að ræða, vera án mismununar, hlutfallsbundin og gagnsæ.

2. Sérstakar skyldur, sem heimilt er að leggja á þá sem bjóða fram rafræn fjarskiptanet og -þjónustu skv. 1. og 2. mgr. 5. gr., 6. gr. og 8. gr. tilskipunar 2002/19/EB (tilskipunar um aðgang) og 16., 17., 18. og 19. gr. tilskipunar 2002/22/EB (tilskipunar um alþjónustu) eða á þá sem tilnefndir eru til að veita alþjónustu samkvæmt framangreindri tilskipun, skulu vera lagalega aðskildar frá réttindum og skyldum samkvæmt almennu heimildinni. Í því skyni að ná fram gagnsæi fyrir fyrirtæki skal, í almennu heimildinni, vísa til viðmiðana og málsmeðferðar við að leggja þessar sérstöku skyldur á einstök fyrirtæki.

3. Almenna heimildin skal einungis fela í sér skilyrði sem eru sérstök fyrir þennan geira og sett eru fram í A-hluta viðaukans og skulu ekki vera endurtekning á skilyrðum sem gilda um fyrirtæki í krafti annarrar innlendar löggjafar.

4. Aðildarríkin skulu ekki endurtaka skilyrði fyrir almennu heimildinni þegar þau veita rétt til afnota af tíðnum fyrir þráðlausar sendingar eða númerum.

⁽¹⁾ Stjórnartíð. EB L 108, 24.4.2002, bls. 51.

7. gr.

Málsmeðferð við takmörkun á fjölda þeirra sem fá rétt til afnota af tíðnum fyrir þráðlausar sendingar

1. Þegar aðildarríki tekur til íhugunar hvort það skuli takmarka fjölda þeirra sem fá rétt til afnota af tíðnum fyrir þráðlausar sendingar skal það m.a.:

- a) gefa nauðsyn þess tilhlýðilegt vægi að notendur hafi sem mestan hag af og greiða fyrir þróun samkeppni;
- b) gefa öllum hagsmunaaðilum, þ.m.t. notendum og neytendum, tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri varðandi allar takmarkanir í samræmi við 6. gr. tilskipunar 2002/21/EB (rammatilskipunar);
- c) birta allar ákvarðanir um að takmarka veitingu afnotaréttar og tilgreina ástæðurnar fyrir því;
- d) lýsa eftir umsóknum um afnotarétt þegar málsmeðferð hefur verið ákveðin; og
- e) endurskoða takmörkunina með hæfilegu millibili eða að réttmætri beiðni fyrirtækjanna sem hún hefur áhrif á.

2. Ef aðildarríki kemst að þeirri niðurstöðu að hægt sé að veita frekari rétt til afnota af tíðnum fyrir þráðlausar sendingar skal það birta slíka niðurstöðu og hvetja til umsókna um slíkan rétt.

3. Ef takmarka verður veitingu réttar til afnota af tíðnum fyrir þráðlausar sendingar skulu aðildarríkin veita slíkan rétt á grundvelli valviðmiðana sem verða að vera hlutlægar, gagnsæjar, án mismununar og hlutfallsbundnar. Allar slíkar valviðmiðanir verða að gefa því tilhlýðilegt vægi að markmið 8. gr. tilskipunar 2002/21/EB (rammatilskipunar) náist.

4. Ef nota á valaðferðir sem byggjast á samkeppni eða samánburði geta aðildarríkin framlengt sex vikna hámarkstímabilið, sem um getur í 3. mgr. 5. gr., eins lengi og nauðsynlegt er til að tryggja að slík málsmeðferð sé réttlát, sanngjörn, opin og gagnsæ gagnvart öllum hagsmunaaðilum, en ekki lengur en um átta mánuði.

Þessi tímamörk eru með fyrirvara um hvers konar gildandi alþjóðasamninga sem snerta notkun tíðna fyrir þráðlausar sendingar og samræmingu gervitungla.

5. Þessi grein hefur ekki áhrif á framsal réttar til afnota af tíðnum fyrir þráðlausar sendingar í samræmi við 9. gr. tilskipunar 2002/21/EB (rammatilskipunar).

8. gr.

Samhæfð úthlutun á tíðnum fyrir þráðlausar sendingar

Ef notkun á tíðnum fyrir þráðlausar sendingar hefur verið samhæfð, skilyrði fyrir aðgangi og málsmeðferð verið

samþykkt og fyrirtæki, sem úthluta á tíðnum fyrir þráðlausar sendingar, hafa verið valin í samræmi við alþjóðasamninga og bandalagsreglur skulu aðildarríkin veita rétt til afnota af tíðnum fyrir þráðlausar sendingar í samræmi við það. Að því tilskildu að öll innlend skilyrði, sem réttur til afnota af tíðnum fyrir þráðlausar sendingar er bundinn, hafi verið uppfyllt, að því er varðar almennar valaðferðir, skulu aðildarríkin ekki setja frekari skilyrði, viðbótarviðmiðanir eða málsmeðferð sem gæti takmarkað, breytt eða tafið rétta framkvæmd almennrar úthlutunar á slíkum tíðnum fyrir þráðlausar sendingar.

9. gr.

Yfirlýsingar til að auðvelda nýtingu réttar til að setja upp aðstöðu og réttar til samtengingar

Að beiðni fyrirtækis skal innlent stjórnvald, innan einnar viku, gefa út staðlaðar yfirlýsingar, sem staðfesta, þar sem við á, að fyrirtæki hafi sent frá sér tilkynningu skv. 2. mgr. 3. gr. og tilgreint nákvæmlega við hvaða aðstæður hvert það fyrirtæki, sem býður fram rafræn fjarskiptanet eða -þjónustu samkvæmt almennu heimildinni, hefur rétt á að sækja um rétt til að setja upp aðstöðu, semja um samtengingu og/eða fá aðgang eða samtengingu til að auðvelda nýtingu þessara réttinda, t.d. á öðru stjórnsýslustigi eða gagnvart öðrum fyrirtækjum. Ef við á er einnig heimilt að gefa út slíkar yfirlýsingar sem sjálfvirkt svar í kjölfar tilkynningarinnar sem um getur í 2. mgr. 3. gr.

10. gr.

Uppfylling skilyrða almennu heimildarinnar eða afnotaréttar og sérstakra skyldna

1. Innlent stjórnvald getur krafist þess að fyrirtæki, sem bjóða fram rafræn fjarskiptanet eða -þjónustu sem fellur undir almennu heimildina eða sem njóta réttar til afnota af tíðnum fyrir þráðlausar sendingar eða númerum, veiti upplýsingar í samræmi við 11. gr. sem nauðsynlegar eru til að sannprófa að skilyrði fyrir almennu heimildinni eða afnotarétti eða sérstakar skyldur, sem um getur í 2. mgr. 6. gr., séu uppfyllt.

2. Ef innlent stjórnvald kemst að þeirri niðurstöðu að fyrirtæki uppfylli ekki eitt eða fleiri skilyrði fyrir almennu heimildinni eða afnotarétti eða þær sérstöku skyldur sem um getur í 2. mgr. 6. gr. skal það tilkynna fyrirtækinu um þessar niðurstöður og gefa því eðlilegt tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri eða ráða bót á hvers kyns brotum innan:

— eins mánaðar frá því að tilkynningin var send, eða

— styttra tímabils sem fyrirtækið samþykkir eða sem innlenda stjórnvaldið mælir fyrir um ef um er að ræða endurtekin brot, eða

— lengra tímabils sem innlenda stjórnvaldið ákveður.

3. Ef hlutaðeigandi fyrirtæki ræður ekki bót á brotunum innan þess tímabils, sem um getur í 2. mgr., skal viðkomandi stjórnvald grípa til viðeigandi og hlutfallsbundinna ráðstafanna sem miða að því að tryggja að skilyrðin séu uppfyllt. Í því skyni er aðildarríkjunum heimilt að veita viðkomandi stjórnvaldi vald til að beita fjárhagslegum viðurlögum eftir því sem við á. Ráðstafanirnar og ástæðurnar, sem þær eru grundvallaðar á, skulu tilkynntar hlutaðeigandi fyrirtæki innan einnar viku frá því að þær eru samþykktar og veita fyrirtækinu sanngjarnan frest til að hlíta ráðstöfuninni.

4. Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. mgr. er aðildarríkjunum heimilt að veita viðkomandi stjórnvaldi umboð til að beita, ef við á, fjárhagslegum viðurlögum á fyrirtæki ef þau vanrækja að veita upplýsingar í samræmi við skyldurnar sem lagðar eru á skv. a- eða b-lið 1. mgr. 11. gr þessarar tilskipunar eða 9. gr. tilskipunar 2002/19/EB (tilskipunar um aðgang) innan hæfilegs tíma sem innlenda stjórnvaldið mælir fyrir um.

5. Ef um er að ræða alvarleg og endurtekin brot þar sem skilyrðin fyrir almennu heimildinni, afnotaréttinum eða sérstöku skyldunum, sem um getur í 2. mgr. 6. gr., eru ekki uppfyllt og ef ráðstafanir, sem miða að því að tryggja að skilyrðin séu uppfyllt eins og um getur í 3. mgr. þessarar greinar, hafa brugðist, er innlendu stjórnvaldi heimilt að koma í veg fyrir að fyrirtæki haldi áfram að bjóða fram rafræn fjarskiptanet eða -þjónustu eða svipta það tímabundið afnotarétti eða afturkalla hann.

6. Þrátt fyrir ákvæði 2., 3. og 5. mgr., er viðkomandi yfirvaldi heimilt, ef það hefur sannanir fyrir því að skilyrðin fyrir almennu heimildinni, afnotaréttinum eða sérstöku skyldunum, sem um getur í 2. mgr. 6. gr., hafa ekki verið uppfyllt sem felur í sér bráða og alvarlega ógnun við almannaöryggi eða almannaheilbrigði eða mun skapa alvarleg, efnahagsleg eða rekstrarleg vandamál fyrir aðra sem bjóða fram eða nota rafræn fjarskiptanet eða -þjónustu, að grípa til aðkallandi tímabundinna ráðstafana til að ráða bót á ástandinu áður en lokaákvörðun er tekin. Hlutaðeigandi fyrirtæki skal eftir það fá eðlilegt tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og gera tillögur um úrbætur. Ef við á er viðkomandi yfirvaldi heimilt að staðfesta tímabundnu ráðstafanirnar.

7. Fyrirtæki skulu hafa rétt til málskots vegna ráðstafana, sem gerðar eru samkvæmt þessari grein, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 4. gr. tilskipunar 2002/21/EB (rammatilskipunar).

11. gr.

Upplýsingar sem krafist er samkvæmt almennu heimildinni, vegna afnotaréttar og sérstakra skyldna

1. Með fyrirvara um upplýsingaskyldu og skyldu um skýrslugjöf samkvæmt innlendri löggjöf, annarri en

almennu heimildinni, er innlendu stjórnvaldi einungis heimilt að krefjast þess að fyrirtæki veiti upplýsingar samkvæmt almennu heimildinni vegna afnotaréttar eða þeirra sérstöku skyldna sem um getur í 2. mgr. 6. gr. og eru hlutfallsbundnar og rökstuddar á hlutlægan hátt að því er varðar:

- a) sannprófun, sem er kerfisbundin eða fer fram í hverju tilviki fyrir sig, á að 1. og 2. skilyrði A-hluta, 6. skilyrði B-hluta og 7. skilyrði C-hluta í viðaukanum séu uppfyllt og á því að skyldurnar, sem um getur um í 2. mgr. 6. gr., séu uppfylltar;
- b) sannprófun á því að í hverju tilviki fyrir sig séu skilyrðin uppfyllt eins og þau eru sett fram í viðaukanum ef kvörtun hefur borist eða ef innlent stjórnvald hefur aðrar ástæður til að ætla að skilyrði sé ekki uppfyllt eða ef innlenda stjórnvaldið framkvæmir rannsókn að eigin frumkvæði;
- c) málsmeðferð og mat á beiðnum um að veita afnotarétt;
- d) birtingu samanburðaryfirlita yfir gæði og verð þjónustu til hagsbóta fyrir neytendur;
- e) hagskýrslugerð sem skilgreind er með skýrum hætti;
- f) markaðsgreiningu að því er varðar tilskipun 2002/19/EB (tilskipun um aðgang) eða tilskipun 2002/22/EB (tilskipun um alþjónustu).

Ekki er heimilt að krefjast upplýsinganna sem um getur í a-, b-, d-, e- og f-lið í fyrstu undirgrein áður en markaðsaðgangur fæst eða sem skilyrði fyrir markaðsaðgangi.

2. Ef innlent stjórnvald krefst þess að fyrirtæki veiti upplýsingar eins og um getur í 1. mgr. skal það gera þeim grein fyrir því í hvaða sérstaka tilgangi upplýsingarnar verða notaðar.

12. gr.

Umsýslugjöld

1. Öll umsýslugjöld, sem lögð eru á fyrirtæki sem bjóða fram þjónustu eða net samkvæmt almennu heimildinni eða á hvern þann sem fengið hefur afnotarétt, skulu:

- a) samanlagt einungis taka til umsýslukostnaðar, sem hlýst af stjórnun, eftirliti og framkvæmd kerfisins fyrir almennu heimildina, sem og afnotaréttar og þeirra sérstöku skyldna, sem um getur í 2. mgr. 6. gr., sem kunna að fela í sér kostnað vegna alþjóðlegrar samvinnu, samhæfingar og stöðlunar, markaðsgreiningar, eftirlits með því að skyldur séu uppfylltar og annað markaðseftirlit, sem og vinnu við reglusetningu sem felur í sér undirbúning og framkvæmd afleiddrar löggjafar og stjórnsýsluákvæðana, svo sem ákvæðana varðandi aðgang og samtengingu; og

b) lögð á einstök fyrirtæki á hlutlægan, gagnsæjan og hlutfallsbundinn hátt þannig að umsýslukostnaður og gjöld, sem honum fylgja, verða í lágmarki.

2. Ef innlent stjórnvald leggur á umsýslugjöld skal það birta árlegt yfirlit yfir umsýslukostnað sinn og heildarupphæð þeirra gjalda sem innheimt eru. Gera skal viðeigandi leiðréttingar í ljósi mismunarins á heildarupphæð gjaldanna og umsýslukostnaðarins.

13. gr.

Gjöld fyrir afnotarétt og rétt til að setja upp aðstöðu

Aðildarríkin geta leyft viðkomandi stjórnvaldi að leggja á gjöld fyrir rétt til afnota af tíðnum fyrir þráðlausar sendingar eða númerum eða réttar til að setja upp aðstöðu á, yfir eða undir eignum í eigu hins opinbera eða í einkaeign sem nægja til að tryggja sem besta notkun á þessum auðlindum. Aðildarríkin skulu tryggja að slík gjöld séu rökstudd á hlutlægan hátt, gagnsæ, án mismununar og í réttu hlutfalli við þann tilgang sem þeim er ætlaður og að tekið sé tillit til markmiðanna í 8. gr. tilskipunar 2002/21/EB (rammatilskipunar).

14. gr.

Breyting á réttindum og skyldum

1. Aðildarríkin skulu tryggja að einungis megi breyta réttindunum, skilyrðunum og málsmeðferð varðandi almennu heimildirnar, afnotaréttinn og réttinn til að setja upp aðstöðu þegar slíkt er rökstutt á hlutlægan hátt og með hlutfallsbundnum hætti. Tilkyrningu skal með viðeigandi hætti um þá fyrirlitun að gera slíkar breytingar og hagsmunaaðilar, þ.m.t. notendur og neytendur, skulu fá nægilegan tíma, sem skal ekki vera styttri en fjórar vikur nema í undantekningartilvikum, til að koma sjónarmiðum sínum varðandi breytingarnar á framfæri.

2. Aðildarríkin skulu ekki takmarka eða afturkalla rétt til að setja upp aðstöðu áður en tímabilinu, sem veitingin nær til, lýkur nema gildar ástæður séu fyrir því og það sé í samræmi við viðkomandi innlend ákvæði um bætur fyrir afturköllun á réttindum.

15. gr.

Birting upplýsinga

1. Aðildarríkin skulu tryggja að allar viðkomandi upplýsingar um réttindi, skilyrði, málsmeðferð, kostnað, gjöld og ákvarðanir varðandi almennu heimildina og afnotaréttinn séu birtar og uppfærðar með viðeigandi hætti þannig að aðgangur að þessum upplýsingum sé greiður fyrir alla hagsmunaaðila.

2. Ef upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr., eru í vörslu mismunandi yfirvalda, einkum upplýsingar varðandi málsmeðferð og skilyrði fyrir rétti til að setja upp aðstöðu, skal innlenda stjórnvaldið gera sitt ýtrasta, að teknu tilliti til kostnaðar í því sambandi, til að koma upp notendavænu yfirliti yfir allar slíkar upplýsingar, þ.m.t. upplýsingar um viðkomandi stjórnsýslustig og stjórnvald sem ber ábyrgð, í því skyni að auðvelda umsóknir um rétt til að setja upp aðstöðu.

16. gr.

Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða reglulega hvernig til tekst með framkvæmd innlendu heimildakerfanna og þróun þjónustuveitingar yfir landamæri í bandalaginu og gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu, í fyrsta sinn eigi síðar en þremur árum eftir þann dag sem beiting þessarar tilskipunar hefst og um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 18. gr. Í þessu skyni er framkvæmdastjórninni heimilt að krefjast upplýsinga frá aðildarríkjunum sem skulu veita þær án ótilhlýðilegrar tafar.

17. gr.

Gildandi heimildir

1. Aðildarríki skulu færa heimildir, sem eru í gildi á þeim degi þegar tilskipun þessi tekur gildi, til samræmis við ákvæði þessarar tilskipunar eigi síðar en þann dag sem beiting hefst og um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 18. gr.

2. Ef beiting 1. mgr. leiðir til skerðingar á réttindum eða útvíkkunar á skyldum samkvæmt heimildum sem þegar eru í gildi er aðildarríkjunum heimilt að framlengja gildistíma þessara réttinda og skyldna í allt að níu mánuði eftir þann dag sem beiting hefst og um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 18. gr., að því tilskildu að það hafi ekki áhrif á réttindi annarra fyrirtækja samkvæmt bandalagslögum. Aðildarríkin skulu tilkyrningu framkvæmdastjórninni um slíka framlengingu og tilgreina ástæður hennar.

3. Ef hlutaðeigandi aðildarríki getur sannað að afnám skilyrðis fyrir heimild til aðgangs að rafrænum fjarskiptanetum, sem var í gildi fyrir gildistöku þessarar tilskipunar, skapi of mikla erfiðleika fyrir fyrirtæki sem hafa notið góðs af skyldubundnum aðgangi að öðru neti og, ef þessum fyrirtækjum er ekki kleift að gera nýja samninga með sanngjörnum viðskiptaskilmálum fyrir þann dag sem beiting hefst og um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 18. gr., er aðildarríkjunum heimilt að krefjast tímabundinnar framlengingar á viðkomandi skilyrði/skilyrðum. Slíkar beiðnir skulu sendar eigi síðar en þann dag sem beiting hefst og um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 18. gr. og þar skal tilgreina skilyrðið eða skilyrðin ásamt tímabili framlengingarinnar sem óskað er eftir.

Aðildarríkið skal gera framkvæmdastjórninni grein fyrir ástæðum þessarar beiðni um framlengingu. Framkvæmdastjórnin skal taka slíka beiðni til athugunar og taka tillit til sérstakra aðstæðna í aðildarríkinu og hjá hlutaðeigandi fyrirtæki eða fyrirtækjum og þess að nauðsynlegt er að tryggja samfellu hvað varðar eftirlit í bandalaginu. Hún skal taka ákvörðun um hvort verða skuli við beiðninni eða henni synjað, og ef hún ákveður að verða við beiðninni, að taka ákvörðun um gildissvið og lengd framlengingarinnar sem veitt er. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna hlutaðeigandi aðildarríki um ákvörðun sína innan sex mánaða frá því að hún fær umsókn um framlengingu. Slíkar ákvarðanir skulu birtar í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

18. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 24. júlí 2003. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þau skulu beita þessum ráðstöfunum frá 25. júlí 2003.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um ákvæði landslaga er þau samþykkja á því sviði sem tilskipun þessi tekur til og um allar síðari breytingar á þessum ákvæðum.

19. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

20. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 7. mars 2002.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

P. COX

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

J. C. APARICIO

forseti.

VIÐAUKI

Skilyrðin, sem tilgreind eru í þessum viðauka, eru tæmandi skrá yfir skilyrði sem almenna heimildin (A-hluti), réttur til afnota af tíðnum fyrir þráðlausar sendingar (B-hluti) og réttur til afnota af númerum (C-hluti), eins og um getur í 1. mgr. 6. gr. og a-lið 1. mgr. 11. gr., mega vera bundin.

A. Skilyrði sem almenna heimildin má vera bundin

1. Fjárframlög vegna fjármögnunar alþjónustu í samræmi við tilskipun 2002/22/EB (tilskipun um alþjónustu).
2. Umsýslugjöld í samræmi við 12. gr. þessarar tilskipunar.
3. Rekstrarsamhæfi þjónustu og samtenging neta í samræmi við tilskipun 2002/19/EB (tilskipun um aðgang).
4. Aðgengi endanlegra notenda að númerum úr innlenda númeraskipulaginu, þ.m.t. skilyrði í samræmi við tilskipun 2002/22/EB (tilskipun um alþjónustu).
5. Kröfur varðandi umhverfisvernd og skipulag bæja og sveita, sem og kröfur og skilyrði er tengjast veitingu aðgangs að eða notkun lands í almennings- eða einkaeigu, og skilyrði sem tengjast hýsingu og samnýtingu aðstöðu í samræmi við tilskipun 2002/21/EB (rammatilskipun) og þ.m.t., ef við á, hvers kyns fjárhagslegar eða tæknilegar tryggingar sem nauðsynlegar eru til að tryggja rétta framkvæmd við grunnvirki.
6. Sendingarskyldur („must carry“) í samræmi við tilskipun 2002/22/EB (tilskipun um alþjónustu).
7. Verndun persónuupplýsinga og einkalífs sem á sérstaklega við um rafræna fjarskiptasviðið í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/66/EB frá 15. desember 1997 um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á fjarskiptasviðinu ⁽¹⁾.
8. Reglur um neytendavernd sem eiga sérstaklega við um rafræna fjarskiptasviðið, þ.m.t. skilyrði í samræmi við tilskipun 2002/22/EB (tilskipun um alþjónustu).
9. Takmarkanir með tilliti til sendingar á ólöglegu efni í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/31/EB frá 8. júní 2000 um tiltekna lagalega þætti þjónustu, einkum rafrænna viðskipta, í tengslum við upplýsingasamfélagið á innri markaðnum („tilskipun um rafræn viðskipti“) ⁽²⁾ og takmarkanir með tilliti til sendinga á skaðlegu efni í samræmi við 2. mgr. 2. gr. a í tilskipun ráðsins 89/552/EBE frá 3. október 1989 um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnarsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um sjónvarpsrekstur ⁽³⁾.
10. Upplýsingar sem veita skal samkvæmt málsmeðferð um tilkynningar í samræmi við 3. mgr. 3. gr. þessarar tilskipunar og í öðrum tilgangi sem um getur í 11. gr. þessarar tilskipunar.
11. Að gera lögbærum, innlendum yfirvöldum kleift að hlera með löglegum hætti í samræmi við tilskipun 97/66/EB og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ⁽⁴⁾.
12. Notkunarskilmálar þegar stórslys ber að höndum til að tryggja fjarskipti milli neyðarþjónustu og yfirvalda og að útvarpað sé til almennings.
13. Ráðstafanir til takmörkunar á váhrifum sem almenningur verður fyrir frá rafsegulsviðum, sem rafræn fjarskiptanet valda, í samræmi við lög bandalagsins.
14. Skyldur um aðgang, aðrar en þær sem kveðið er á um í 2. mgr. 6. gr. þessarar tilskipunar sem gilda um fyrirtæki sem bjóða fram rafræn fjarskiptanet eða -þjónustu í samræmi við tilskipun 2002/19/EB (tilskipun um aðgang).

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 24, 30.1.1998, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 178, 17.7.2000, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 298, 17.10.1989, bls. 23. Tilskipuninni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/36/EB (Stjtið. EB L 202, 30.7.1997, bls. 60).

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

15. Viðhald á heildstæði almennra fjarskiptaneta í samræmi við tilskipun 2002/19/EB (tilskipun um aðgang) og tilskipun 2002/22/EB (tilskipun um alþjónustu), þ.m.t. með skilyrðum til að koma í veg fyrir rafsegultruflanir milli rafrænna fjarskiptaneta og/eða -þjónustu í samræmi við tilskipun ráðsins 89/336/EBE frá 3. maí 1989 um samræmingu laga aðildarríkjanna um rafsegulviðssamhæfi ⁽¹⁾.
16. Öryggi almennra neta gagnvart óheimilum aðgangi í samræmi við tilskipun 97/66/EB.
17. Skilyrði fyrir notkun tíðna fyrir þráðlausar sendingar í samræmi við 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 1999/5/EB þar sem slík notkun er ekki háð því að veittur sé einstakur afnotaréttur í samræmi við 1. mgr. 5. gr. þessarar tilskipunar.
18. Ráðstafanir sem eiga að tryggja að farið sé eftir stöðlum og/eða forskriftunum sem um getur í 17. gr. tilskipunar 2002/21/EB (rammatilskipunar).

B. Skilyrði sem réttur til afnota af tíðnum fyrir þráðlausar sendingar má vera bundinn

1. Tilgreining þjónustu eða gerð nets eða tækni sem réttur til afnota af tíðninni hefur verið veittur fyrir, þ.m.t. einkaafnot af tíðni fyrir sendingu á sérstöku efni eða fyrir ákveðna hljóð- og myndmiðlunarþjónustu ef við á.
2. Virk og skilvirk notkun tíðna í samræmi við tilskipun 2002/21/EB (rammatilskipun), þ.m.t. kröfur varðandi útbreiðslu ef við á.
3. Tæknileg og rekstrarleg skilyrði sem nauðsynleg eru til að koma í veg fyrir skaðlegar truflanir og til að takmarka váhrif sem almenningur verður fyrir frá rafsegulviðum ef þessi skilyrði eru frábrugðin þeim sem er að finna í almennu heimildinni.
4. Hámarksgildistími í samræmi við 5. gr. þessarar tilskipunar með fyrirvara um hvers kyns breytingar á innlenda tíðniskipulaginu.
5. Framsal réttinda að frumkvæði rétthafa og skilyrði fyrir slíku framsali í samræmi við tilskipun 2002/21/EB (rammatilskipun).
6. Notkunargjöld í samræmi við 13. gr. þessarar tilskipunar.
7. Hvers kyns skuldbindingar sem fyrirtæki, sem hafa fengið afnotarétt, hafa gengist undir við valaðferðir sem byggjast á samkeppni eða samanburði.
8. Skyldur samkvæmt viðeigandi alþjóðasamningum sem snerta notkun tíðna.

C. Skilyrði sem réttur til afnota af númerum má vera bundinn

1. Tilgreining þjónustu þar sem númerið skal notað, þ.m.t. hvers kyns kröfur sem tengjast því að veita þessa þjónustu.
2. Virk og skilvirk notkun númera í samræmi við tilskipun 2002/21/EB (rammatilskipun).
3. Kröfur varðandi númeraflutning í samræmi við tilskipun 2002/22/EB (tilskipun um alþjónustu).
4. Skylda að veita upplýsingar um áskrifendur úr almennri símaskrá í samræmi við 5. og 25. gr. tilskipunar 2002/22/EB (tilskipunar um alþjónustu).
5. Hámarksgildistími í samræmi við 5. gr. þessarar tilskipunar með fyrirvara um hvers kyns breytingar á innlenda númeraskipulaginu.
6. Framsal réttar að frumkvæði rétthafa og skilyrði fyrir slíku framsali í samræmi við tilskipun 2002/21/EB (rammatilskipun).
7. Notkunargjöld í samræmi við 13. gr. þessarar tilskipunar.
8. Hvers kyns skuldbindingar sem fyrirtæki, sem hafa fengið afnotarétt, hafa gengist undir við valaðferðir sem byggjast á samkeppni eða samanburði.
9. Skyldur samkvæmt viðeigandi alþjóðasamningum sem snerta notkun númera.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 139, 23.5.1989, bls. 19. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 93/68/EBE (Stjtið. EB L 220, 30.8.1993, bls. 1).